



Fréttatilkynning  
frá skrifstofu forseta Íslands

## Hvatning forseta Íslands til ungra Íslendinga afhent ungmennum í Hafnarfirði

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar til Hafnafjarðar hlutu 29 ungmenni „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.“ Hvatningin var afhent á fjölskylduhátíð í Íþróttahöllinni. Þau sem hlutu hvatningu eru:

1. **Aðalheiður Lárusdóttir, 13 ára**, Garðavegi 4. Hún er afbragðs nemandi og góður leiðtogi, keppandi í Stóru upplestrarkeppninni og hefur náð góðum árangri í píanóleik.
2. **Aðalsteinn Sesar Pálsson, 12 ára**, Fífuvöllum 9. Hann er góður námsmaður og frábær vinur vina sinna.
3. **Aran Nganpanya, 10 ára**, Suðurhvammi 7. Hann er duglegur og jákvæður nemandi sem hefur náð góðum tókum á íslensku eftir að hann fluttist frá Taílandi; hann nær árangri í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur.
4. **Auréja Zelvyté, 15 ára**, Eyrarholti 20. Hún hefur staðið sig vel í íþróttum og námi, er virk í félagsstörfum og hefur sýnt frábæran dugnað við að tileinka sér íslensku eftir að hún kom frá Litháen.
5. **Árni Pétur Jónsson, 10 ára**, Mávahrauni 21. Hann hefur þrätt fyrir fötlun sýnt mikla lífsgleði og dugnað, býr yfir félagslegum styrk og hefur náð undraverðum árangri í námi.
6. **Ásta Bjardís Þorsteinsdóttir, 15 ára**, Háukinn 4. Hún hefur sýnt þolgæði og æðruleysi þrätt fyrir erfiðleika, er metnaðarfull í námi og hefur þroskað viðhorf til lífsins.
7. **Björgvin Már Jónsson, 12 ára**, Skjólvangi 5. Hann hefur náð góðum árangri í fimleikum og fótbolta, stendur sig vel í námi og kappkostar fallegan frágang á allri vinnu.
8. **Dagur Gunnarsson, 14 ára**, Álfaskeiði 92. Hann er bæði músíkalskur og býr yfir listrænum hæfileikum, hann sýndi mikinn árangur þegar hann fór nýjar leiðir í vali á námsefni.
9. **Díana Rut Kristinsdóttir, 14 ára**, Hamrabyggð 26. Hún hefur þrätt fyrir lesblindu verið dugleg og áhugasöm í námi, æfir ballett, nútímadans og spuna

með glæsilegum árangri og stundaði í sumar nám hjá Konunglega ballettinum í Kaupmannahöfn.

10. **Erla Arnardóttir, 15 ára**, Vesturbraut 20. Hún hefur sýnt framúrskarandi árangur í sundi, hún rífur sig eldsnemma á fætur oft í viku til að stunda æfingar.
11. **Erling Óskar Kristjánsson, 13 ára**, Dvergholti 1. Hann vann Stóru upplestrarkeppnina sem haldin var í Hafnarborg í fyrra og hrífur bæði börn og fullorðna með upplestri sínum. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika hefur hann reynst góður námsmaður og er bæði kurteis og hjálpsamur.
12. **Eyrún Arnardóttir, 15 ára**, Suðurhvammi 23. Hún býður sig gjarnan fram í sjálfboðastörf, bæði í umhverfismálum og félagslífi, tekur oft frumkvæði og hefur verið atkvæðamikil í ungmennaráði Hafnarfjarðar.
13. **Gabríela Reginsdóttir, 12 ára**, Skjólvangi 8. Hún hefur látið margt gott af sér leiða í umhverfismálum enda hefur skólinn hennar tengst Grænánaverkefni Landverndar. Hún skilar einnig góðum árangri í námi og sýnir ávallt mikla trúðmennsku.
14. **Gígja Jónsdóttir, 14 ára**, Traðarbergi 9. Hún hefur fjölþætta listræna hæfileika, bæði í myndlist, tónlist og í dansi og hefur á margan hátt haft hvetjandi áhrif á starfið í sínum skóla.
15. **Gunnhildur Skarphéðinsdóttir, 7 ára**, Þrastarási 38. Hún flutti til Íslands í sumar og hefur sýnt að hún hefur haldið íslenskunni vel þrátt fyrir að búa erlendis frá tveggja ára aldri, kann einnig að lesa á bæði katalónsku og spænsku, er samviskusöm og dugleg, aðlagast vel nýjum bekkjarfélögum.
16. **Hafdís Jónsdóttir, 14 ára**, Burknaveg 1c. Hún, stundar fimleika af kappi og skipuleggur tíma sinn vel, skilar heimavinnu ávallt með sóma og er ætíð kurteis.
17. **Haukur Heiðar Steingrímsson, 16 ára**, Smyrlahrauni 27. Hann er einstakt trúðmenni og þótt hann hafi þurft að leggja mikið á sig við nám og önnur störf þá sér þess ekki merki í dagfari hans sem einkennist af gefandi framkomu og kærleika.
18. **Heiðrún Traustadóttir, 11 ára**, Suðurhvammi 9. Hún hefur fallega framkomu og er einstaklega góð við alla sem eru minni máttar, sýnir samnemendum sem öðrum mikinn kærleika.
19. **Helga Arnardóttir, 12 ára**, Miðvangi 153. Hún hefur látið margt gott af sér leiða í umhverfismálum og stuðlað að því að skólinn hennar hefur náð góðum árangri á því sviði, stendur sig vel í námi og sýnir ávallt mikla trúðmennsku.
20. **Ingibjörg Kristjánsdóttir, 15 ára**, Svöluhrauni 13. Hún er framúrskarandi námsmaður, býr yfir ríkum tónlistarhæfileikum og hefur reynst einn efnilegasti nemandi Tónlistarskólans í fiðluleik.

21. **Ingileif Franzdóttir Wechner, 11 ára**, Hringbraut 57. Hún hefur sýnt að hún er mjög skapandi einstaklingur bæði í leiklist og ballett og auk þess hefur hún náð góðum árangri í píanóleik.
22. **Kristleifur Lúðvíksson, 10 ára**, Blikaási 9. Hann hefur þrätt fyrir ýmsa erfiðleika náð góðum árangri í námi enda hefur eljusemi hans reynst þar vel.
23. **Mirjam Yrsa Friðleifsdóttir, 10 ára**, Dvergholti 3 Hún er hæfileikaríkur nemandi sem stundar námið af kostgæfni með vönduðum vinnubrögðum og nýtir einnig vel listræna hæfileika sína.
24. **Radoslaw Mateusz Solarski - Radek, 12 ára**, Hvammabraut 16. Hann kemur frá Póllandi en hefur aðlagast vel íslensku líffi og tekist á við mótlæti af æðruleysi og dugnaði.
25. **Ragnar Torfi Teitsson, 15 ára**, Stekkjarhvammi 3. Hann er Norðurlandameistari í skyldingum og er einnig að læra á klarínnett í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, duglegur nemandi, viðmótsþýður og kurteis.
26. **Signý Arnórsdóttir, 15 ára**, Laufvangi 13. Hún er í unglíngalandsliðinu í golfi enda stundar hún þá íþrótt af kappi ásamt því að skila góðum árangri í námi.
27. **Sigrún Ella Einarsdóttir, 13 ára**, Lyngbergi 25. Hún er ein af efnilegustu knattspyrnukonum landsins í sínum aldursflokki og hefur jafnframt sýnt framúrskarandi árangur í námi.
28. **Sigurður Ágústsson, 15 ára**, Suðurvangi 17. Hann er frábær íþróttamaður sem varð á þessu ári bikarmeistari, Íslandsmeistari og deildarmeistari í 4. flokki FH í handbolta.
29. **Þórunn Káradóttir, 14 ára**, Brekkuhlíð 10. Hún býr yfir fjölbættum hæfileikum í námi, tónlist og íþróttum og hefur einnig lagt mikið af mörkum í félagsmálum nemenda.